

Leiðbeiningar um uppsetningu

Innfellt útvarp
0315 ..

GIRA

Notkun

○	>>	⏻	○
○	- 	+	○
○	1	2	○

Mynd 1: Stjórneining

Innfellda útvarpinu er stjórnað með hnöppunum á stjórneiningunni:



Stutt er á til þess að kveikja/slökkva; haldið er inni til þess að setja útvarpið í "Sleep"-stillingu.



Stutt er á rofann til þess að hefja stöðvaleit.



Þegar stutt er á (-) er lækkað í útvarpinu; þegar stutt er á (+) er hækkað í útvarpinu.

Stöðvaminni **1 / 2**:

Stutt er á rofann til þess að stilla á stöð; rofanum er haldið inni til þess að stilla stöð inn í minni.

Kveikt á innfellda útvarpinu

Allt eftir því hversu lengi aflrofanum ☹ er beitt er hægt að kveikja á innfellda útvarpinu í stillingunni "Manual" eða "Sleep":

"Manual"-stilling

Kveikt er á innfellda útvarpinu með því að styðja snögg á aflrofann. Er þá kveikt á tækinu þar til slökkt er með því að styðja aftur á aflrofann.

"Sleep"-stilling

Sett er í "Sleep"-stillingu með því að halda aflrofanum inni þar til hljóðið fer af útvarpinu í stutta stund.

Í "Sleep"-stillingu slekkur útvarpið sjálfkrafa á sér að 30 mínútum liðnum.

Þegar tækið er í "Sleep"-stillingu blikkar stöðuljósið "KVEIKT".

Einnig er hægt að setja í "Sleep"-stillingu ef þegar hefur verið kveikt á innfellda útvarpinu. Er aflrofanum þá haldið inni í u.þ.b. 5 sekúndur.



Kveikt sjálfkrafa

Innfellda útvarpið býður upp á þann möguleika að kveikt sé á því með tímarofa eða um leið og kveikt er á ljósum í herbergi. Þessi eiginleiki fer þó eftir því hvernig raflögnum í íbúðinni er háttað. Spyrjið því rafvirkja hvort þessi möguleiki komi til greina.

Hljóðstyrkur stilltur

Hljóðstyrkurinn er stilltur með hnöppunum (+) og (-).

Stutt er á hægri hnappinn (+) til þess að hækka.

Stutt er á vinstri hnappinn (-) til þess að lækka.



Virgni þegar kveikt er

Þegar kveikt er á tækinu er stillt á þá stöð sem hlustað var á síðast (minni 1/2 eða stillt handvirkt með stöðvaleit) með sama hljóðstyrk og síðast.

Leitað að stöð

Setjið stöðvaleitina af stað með því að styðja á stöðvaleitarhnappinn >> . Á meðan leitað er að stöð logar ljósdíóðan >> og hljóðið er tekið af útvarpinu. Um leið og stöð finnst slokknar á ljósdíóðunni >> og hljóðið kemur aftur á.



Stöðvaleit

Leitað er að stöðvum á hækkandi tíðni. Þegar komið er að efri mörkum tíðnisviðsins (108,00 MHz) skiptir útvarpið yfir á neðri mörk tíðnisviðsins (87,50 MHz) og heldur stöðvaleitinni áfram. Þegar komið er aftur að tíðninni þar sem leitinn hófst skiptir útvarpið sjálfkrafa yfir í nákvæmari leit. Er þá einnig hægt að ná útsendingum stöðva með daufara merki.

Stöð stillt inn í minni

Hægt er að stilla tvær stöðvar inn í minni á innfellda útvarpinu. Það er gert með því að velja stöðina sem stilla á inn í minni með stöðvaleitinni. Til þess að stilla stöðina inn í minni skal halda viðkomandi minnishnappi inni í a.m.k. 2 sekúndur. Um leið og stutt er á minnishnappinn er hljóðið tekið af útvarpinu. Haldið minnishnappinum inni þar til aftur heyrist í stöðinni og það kviknar á báðum stöðuljósunum "Minni 1" og "Minni 2". Þessi merki gefa til kynna að stöðin hafi verið stillt inn í minni.




Ný stöð stillt inn í minni

Ef þegar er stöð á viðkomandi minnisnúmeri er henni skipt út fyrir nýju stöðina sem stillt er inn í minni.

Stillt á stöð í minni

Stutt er á minnishnapp til þess að stilla á viðkomandi stöð í minni. Er þá stillt á stöðina og stöðuljós minnisnúmersins logar.



Mynd 2: Uppbygging innfellda útvarpsins

Innfellda útvarpið samanstendur af afleiningu (grá), hátalara, grunneiningu útvarps (svört) og stjórneiningu. Báðar innfelldu grunneiningarnar eru tengdar saman með kapli og er komið fyrir í tveimur innfelldum dósum, lóðrétt eða lárétt.



Stjórneining

Stjórneiningin var hönnuð sérstaklega fyrir innfellda útvarpið.

EIB-snertiskynjarar passa að vísu á grunneiningu útvarpsins, en virka samt ekki.



Athugið

Eingöngu rafvirkjum er heimilt að annast ísetningu og uppsetningu raftækja.

Af öryggisástæðum má ekki leggja leiðsluna til spennugjafans (230 V) í gegnum veggdós útvarpseiningarinnar.

Setja skal innfellda útvarpið upp innandyra þar sem það er varið fyrir vatni sem drýpur eða skvettist.

Öll rafeindatæki gefa frá sér truflandi merki sem útvarpstæki taka að hluta til einnig á móti.


Af þessum sökum geta orðið truflanir á móttöku ef innfellda útvarpið er notað ásamt rafeindatækjum í sömu uppsetningareiningu.

Áður en uppsetning á slíkri samsetningu fer fram skal því gera virkniprófun á staðnum. Hægt er að draga úr mögulegum truflunum með því að auka bilið á milli innfelldu tækjanna.

Innfellda útvarpið er sett upp í tveimur innfelldum veggdósum (mælt er með því að nota djúpar dósir). Við uppsetningu í holvegg skal nota tvöfalda rofadós, þar sem tengiop einfaldra dósa eru of þröng fyrir tengikapal innfellda útvarpsins.


Setja skal einingar útvarpsins upp í eftirfarandi röð:

1. Tengid fæðispennuna (230 V) við klemmur L/N á afleiningunni.



Mynd 3: Afleining (grá grunneining)

2. Ef svo á við skal tengja 230 V hliðarinngang (1) (sjá bls. 10).
3. Leiðid tengikapallinn að hinni dósinni.
4. Komið afleiningunni fyrir í innfelldu dósinni.
5. Stingid tengikaplinum í grunneiningu útvarpsins. Vegna virkni búnaðarins er hægt að tengja PE-varnarleiðarann við klemmu X.



Mynd 4: Grunneining útvarps (svört grunneining)

6. Ef svo á við skal tengja spennulausan hliðarinngang (a/b) (sjá bls. 11).
7. Komið grunneiningu útvarps fyrir.
8. Setjið rammann á og stingið svo hátalaranum og stjórneiningunni á.




Þjófavörn

Sem þjófavörn er hægt að festa hátalarann og stjórneininguna með meðfylgjandi skrúfum. Áður en það er gert skal taka hlífarnar af báðum einingunum.

Hliðarinngangar

Á innfellda útvarpinu eru tveir hliðarinngangar; einn spennulaus og annar 230 V. Með þessum hliðarinngöngum er hægt að kveikja og slökkva á innfellda útvarpinu með fjarstýringu.


Með 230 V hliðarinngangi afleiningarinnar er t.d. hægt að kveikja á innfellda útvarpinu um leið og kveikt er á ljósum í herberginu. Til þess er rjúfanlegur fasi rofans tengdur við 230 V hliðarinngang innfellda útvarpsins (sjá Mynd 5).



Mynd 5: Straumrofi við 230 V hliðarinngang afleiningar

Við spennulausa hliðarinnganginn á grunneiningu útvarpsins er til dæmis hægt að tengja rofa sem hægt er að kveikja og slökkva á innfellda útvarpinu með.

Einnig er hægt að tengja lokunarsnertu tímarofa við spennulausa hliðarinnganginn (sjá Mynd 6). Ef innfellda útvarpið er notað ásamt tímarofa er til dæmis hægt að nota útvarpið sem vekjara.



Mynd 6: Tímarofi á spennulausum hliðarinngangi grunneiningar útvarps



Athugið

Ekki má tengja spennu við spennulausa hliðarinnganginn á grunneiningu útvarps (klemmu a/b).

Tæknilýsing

Vinnsluspenna:	AC 230 V
Hitasvið:	0 °C til + 50 °C
Rakastig:	25 til 90%
Tíðnisvið:	87,50 til 108,00 MHz
Varnarflokkur:	IP 20
Tenging:	Skrúfklemmur 2,5 mm ² eða 2 x 1,5 mm ²



Fyrsta notkun

Þegar útvarpið er notað í fyrsta sinn fer sjálfvirk stöðvaleit af stað:
Stöðvaleitin hefst sjálfkrafa við neðri mörk tíðnisviðsins (87,50 MHz). Fyrstu tvær stöðvarnar sem finnast eru sjálfkrafa stilltar inn í minni 1 og 2.

Ábyrgð

Ábyrgð er veitt samkvæmt lagaákvæðum.
Vinsamlegast sendið tækið án burðargjalds til þjónustumiðstöðvar okkar ásamt lýsingu á biluninni.

Gira
Giersiepen GmbH & Co. KG
Service Center
Dahlienstraße 12
D-42477 Radevormwald

Gira
Giersiepen GmbH & Co. KG
Postfach 1220
D-42461 Radevormwald
Sími: +49 (0) 2195 / 602 - 0
Fax: +49 (0) 2195 / 602 - 339
Vefslóð: www.gira.com

GIRA